



Stekkjaskóli kominn í fram tíðarhúsnæðið

Hilmar Björgvinsson skólastjóri, Hildur Bjargmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu, og Ástrós Rún Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri tóku sér smá hlé frá tiltektarstörfum þegar blaðamaður Dagskrárinnar leit við hjá þeim á sl. þriðjudag.

Það var stór stund þegar kennsla hófst í nýju, stór-glæsilegu húsnæði Stekkjaskóla á Selfossi miðvikudaginn 22. mars. Gengið er inn í húsnæðið um aðalinnganginn frá Björkurstekk, þ.e. um austurinngang. Einnig er hægt að ganga inn um vesturinngang frá færanlegu kennslustofunum.

Að sögn Hilmars Björgvinssonar skólastjóra hafa flutningar gengið afar vel. „Það voru allir

á haus á fimmtudag og föstudag í síðustu viku. Síðan kom hópur frá meistaraflokki karla í handbolta á laugardaginn og hjálpuðu okkur að bera öll húsgögnin á milli húsa,“ segir Hilmar.

„Starfsmenn eru mjög spenntir, enda höfum við þurft að búa við þrengsli þetta skólaárið. Nú erum við kominn í stórt og glæsilegt húsnæði,“ sagði Hilmar gladdur í bragði. Hilmar tekur einnig fram að nemendur

séu mjög spenntir fyrir nýja húsnæðinu, en í skólanum eru rúmlega 170 nemendur, ásamt 35 starfsmönnum. Áætlað er að nemendafjöldinn næsta haust verði á bilinu 230-250.

Stefnt er að 2. byggingaráfangi skólans verði klár haustið 2024 en í honum verður meðal annars náttúrufræðistofa, myndmenntastofa, bókasöfn, hreyfirými og félagsmiðstöð fyrir unglinga.

BRV



Elin, Ásrún og Heimir voru kampakát með árangur sinn í vetur. Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún Lárusdóttir.

Sigurgöngu FSu lauk í Hljómahöllinni

Líð FSu í Gettu betur, Lskipað þeim Ásrúnu Aldisi Hreinsdóttur frá Odda á Rangárvöllum, Elínu Karlsdóttur frá Eyrarbakka og Heimi Árna Erlendssyni frá Skiðabakka í Austur-Landeyjum, laut í lægri hlut gegn Menntaskólanum í Reykjavík í úrslitaviðureign Gettu betur sem fram fór í Hljómahöllinni í Reykjanessbæ sl. föstudagskvöld og luku þannig glæstri sigurgöngu skólans í ár með sóma.

MR reyndist vera fyrsti ofjarl þessa stórkostlega liðs í vetur, lokatölurnar urðu 36-25 MR í vil, en lögðu MR-ingar grunnin af sigrinum með stórkostlegri frammistöðu í hraðaspurningunum þar sem liðið náði 20 stigum á móti 13 stigum FSu. Með sigri á FSu hefur MR unnið keppnina tuttugu og þrjár sinnum á 37 ára ferli Gettu betur, eða rúmlega 62% af öllum úrslitaviðureignum keppinnar frá upphafi.

„Við erum hæst ánægð með annað sætið, það er ekkert annað hægt í þessari stöðu“

sögðu keppendur FSu liðsins við blaðamann Dagskrárinnar stuttu eftir að MR-ingar tóku við hljóðnemanum. „Við erum sátt við skorið, þetta var góð keppni og góðir andstæðingar. Við erum með gæðahúð yfir því að þetta sé búið. Við erum búin að æfa síðan í desember þannig að þetta er bara besta útkoman. Þetta verður risastórt gat í dagatalinu hjá manni. En það er önnur keppni á næsta ári, maður veit aldrei hvað gerist,“ segja þau bjartsýn í lokin.

Sigurganga FSu í keppni vetrarins hófst með 26-8 stiga sigri gegn Borgarholtsskóla þann 11. janúar, viku síðar sigruðu þau Menntaskólanum við Hamrahlíð 25-18. Þann 24. febrúar unnu þau lið Flensborgarskólans 21-14 og 31-26 stiga sigur gegn Verkmennaskóla Austurlands í síðustu viku tryggði þeim að lokum sæti í úrslitaviðureign keppinnar í fyrsta sinn í 37 ár.

Við hjá Dagskránni óskum FSu innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur í Gettu betur í vetur. HGL

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi
fyrirtæki



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



KJÓLADAGAR

FRÁ 22. TIL 29. MARS

20-60% AFSLÁTTUR AF KJÓLUM

Afsláttarkóði á tiskuverslun.is **Kjólar20**

LINDIN
TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI



Skoðaðu vöruúrvalið á www.bilanaust.is

Bilanaust Hrísmýri 7,
800 Selfossi
S. 484 4200

Opið
Mán - fös 8 - 18
Lau 10 - 14



Moses Hightower á Sviðinu

Lög sem voru samin með mjólkurskegg á Skeiðunum

Laugardaginn 25. mars ætla margróaða íslenska sálarbandið, Moses Hightower, að stíga sín fyrstu skref á Sviðið á Selfossi. Blaðamaður Dagsskrárinnar hafði samband við þetta skemmtilega band í tilefni af tónleikunum.

Stukku á nafnið í örvæntingu

„Moses varð til rétt fyrir hrun þegar við vorum allir saman í tónlistarskóla, og að spila saman í hinum og þessum verkefnum öðrum. Við ákváðum að gera eitthvað með sameiginlegan áhuga okkar á bæði gamaldags og nýrri sálarbúnaði og fórum að hittast og semja saman. Fyrst ætluðum við hvorki að syngja né semja textana, en neyddumst á endanum til þess. Við vorum ógurlega lengi að finna nafn á bandið, og á endanum stukkum við bara í örvæntingu á nafn hægláts en ákveðins nemanda í afbrigðiskvikmyndinni um Lögregluskólann,“ segja strákarnir, aðspurðir um tilurð hljómsveitarinnar og hvaðan nafnið sé komið.

Bróðir Bjarna í Stuðlabandinu

En á bandið einhverjar rætur austur fyrir fjall? „Það væri ekki ofsagt, þar sem Andri sleit barnsskónum í Landeyjunum, gekk í grunnskóla á Hvolsvelli og bjó svo sumarið fyrir menntaskóla á Reykjum á Skeiðum þar sem móðir hans og stjóri búa enn í dag. Þegar Moses ákvað að taka upp sína fyrstu plötu, þá var það Flóarokkarinn Magnús Öder sem trillaði öllum sínum hljóðupptökugræjum úr bænum, stillti upp í stofunni í gamla bænum á Reykjum og tók okkur upp af mikilli list, ásamt því að hljóðblanda plötuna og vinna mikið með okkur síðan. Annars kynnir Andri sig nú bara yfirleitt sem „bróður Bjarna í Stuðlabandinu“...“

Skemmtu sér frábærlega á Kótelettunni

„Eitt af okkar fyrstu „giggum“ var nú bara nokkrum dögum



eftir plötuupptökurnar á Skeiðunum – í brúðkaupsveislu í Brautarholti, og svo spiluðum við eftir útgáfu fyrstu plötuinnar bæði Á Fjörobörðinu á Stokkseyri ásamt Jónasi Sig og í Sögusetrinu á Hvolsvelli. Við spiluðum einu sinni í Gamla fjösinu á Steinum, en í seinni tíð er einn okkar uppáhaldstónleikastaður (óháð staðsetningu) Midgard Base Camp á Hvolsvelli, þar sem er alltaf gaman að spila, borða og gista. Í fyrsta skemmtum við okkur svo frábærlega þegar við spiluðum á Kótelettunni, og það eru nú ekki síst hlýjar viðtökur áheyranda þar sem vekja von um að það verði almennt stuð hjá okkur á Sviðinu,“ segja strákarnir kátir í bragði.

„Notum yfirleitt það sem fær okkur til að hlæja“

En hvaðan kemur innblásturinn í laga- og textasmíðum hjá Moses Hightower? „Hvað lagasmíðar varðar, þá er stutta svarið kannski „vestanhafs“, en við höfum mjög oft unnið lög einfaldlega út frá því sem okkur sem hljóðfæraleikurum finnst skemmtilegt að spila það augnablikið. Djömmum saman um víðan völl og stöldrum við þar sem við förum að kinka kolli í takt. Okkur finnst líklega skemmtilegast þegar við náum í sameiningu að koka upp eitthvað áhugavert „tvíst“ á kunnugleg stef og þel – skekkja aðeins myndina á veggnum, ef svo má segja. Og það má

kannski bara segja líka um textagerðina; við notum yfirleitt það sem fær okkur til að hlæja sjálfa, frekar en það sem rennur endilega ljúfast niður eða hljómar poppaðast,“ segja strákarnir og renna stoðum undir það hversu skemmtilegt er að hlýða á texta þeirra sem innihalda meðal annars setningarnar: „Ég er ekki bara að hugsa um yðar einlægan, það er ekki það sem vakir fyrir mér, búum til börn,“ úr laginu Búum til börn, „þarf ég þá að hugsa bara um þig í þátið, eins og næturvaktin í Nóatúni“ úr laginu Háa c og „nýkeyptir íspinnar svitna og örvænta og etast af þybbnum börnum,“ úr laginu Sjáum hvað setur.

Alvöru tónlistarástríða sem ræður ríkjum

Strákarnir segjast vægast sagt spennitir fyrir tónleikum helgarnar. „Það er ekki á hverjum degi sem opnaður er sérstaklega þar til gerður tónleikastaður þar sem allt er eins og best verður á kosið fyrir tónlist eins og okkar. Allt til alls, þ.m.t. frábær hljómburður og alvöru tónlistarástríða sem ræður ríkjum. Við ætlum að bjóða Sviðsgestum upp á eðalblöndu af gömlu og nýju efni: Allt frá lögum sem voru samin með mjólkurskegg á Skeiðunum fyrir fyrstu plötuna og yfir í okkar nýjustu númer af plötunni Lyftutónlist,“ segja þeir kumpánar að lokum.

Miðasala á tónleikana er hafin á tix.is.

Íþróttamiðstöðin Borg

Við leitum að þjónustulunduðu fólki í sumarstarf frá 1. júní til 20. ágúst. (lágmarksaldur er 18 ára.)

STARFSSVIÐ OG VERKEFNI

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu, afgreiðslu og eftirlit með íþróttahúsi og þreksal.
- Almenn þrif.
- Umsækjandi mun sækja námskeið í skyndihjálp og þarf að standast hæfnispróf sundstaða.

HÆFNISKRÖFUR

- Lágmarksaldur 18 ár.
- Hafi þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Dugnaður, stundvísi og samviskusemi.
- Þurfa að standast námskeið í skyndihjálp og sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustu-hætti á sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknum skal skila til forstöðumanns Íþróttamiðstöðvarinnar Borg á netfangið rut@gogg.is. Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir í síma 899-8841.

SÝNING Á SELFOSSI 24. MARS

TÖLUM UM LEXUS

FIMM GLÆSILEGIR FULLTRÚAR TIL AÐ UPPLIFA OG REYNSLUAKA

Starfsmenn Lexus verða á svæðinu, gefa góð ráð og upplýsa um allt það nýjasta frá Lexus. Meðal annars munum við kynna og taka niður forpantanir í RZ 450e, 100% rafmagnsbíl sem frumsýndur verður í vor. Léttar veitingar í boði.

LEXUS RX 450h+

PLUG-IN HYBRID

LEXUS UX 300e

100% RAFMAGN

LEXUS ES 300h F-Sport

HYBRID

LEXUS RX 350h
sportjeppi

HYBRID

LEXUS NX 450h+

PLUG-IN HYBRID

Föstudaginn 24. mars kl. 14-18
Toyota Selfossi, Fossnesi 14

 **LEXUS**
EXPERIENCE AMAZING



Kynntu þér nýja kynslóð heyrnartækja!

Verðum á Selfossi
Grænumörk 5
Föstudaginn 31. mars 2023

TÍMAPANTANIR 534-9600

534-9600 www.heyirn.is Hlíðasmára 19, 2. hæð, 201 Kópavogur



Ómetanleg augnablik

Listafólk í leikskóla og Barnamenning á bókasafninu

Við fullorðna fólkið erum stundum upptekin af hugtakinu Núvitund og leggjum mikið á okkur til að öðlast færni og meðvitund um hugtakið. Ferðumst jafnvel erlendis til að æfa okkur í að lifa í núinu. Engir eru þó betri í núvitund en ungir leikskólanemendur. Ungur listamaður málaf af gleði og hikstar ekki þó fina sólin sem nýbúið var að mála hverfi undir brúna litinn sem málaf fram og til baka. Brúmm brúmm bílinn keyrir fram og til baka..... og svo er pensli dyft í aðra málningu og bílförin hverfa og splunkunýtt augnablik hefst.

Við skapandi starf af þessu tagi á sér stað mikið nám.

Að beita pensli krefst töluverðrar samhæfingar augna og handa, líkt og við skrift og aðra finhreyfingu. Að dyfa pensli í málningardollu, lyfta honum svo að þeim stað á verkinu sem listamaðurinn vill vinna að og strjúka svo penslinum fram og til baka, upp og niður eða jafnvel í hring fyrir lengra komna.

Leikskólakennari nýtir tækifærið til að valdefla nemandann, leyfa viðkomandi að finna að hann ræður ferðinni í sköpuninni og að á viðkomandi sé hlustað, t. d. með spurningum á borð við Hvaða lit viltu fá núna? Viltu þennan hvíta eða þennan bláa? Hvaða pensil má bjóða þér? Hvað viltu gera núna? Er gaman að mála? Ertu ánægð með listaverkið þitt? Hvar viltu mála núna? Viltu sitja við borð eða viltu vera við trönur?

Kennarinn sem er viðstaddur hefur orð á því sem er að ger-

ast; s.s. Ég sé að þú beygir þig alveg að til að sjá betur. Leikskólakennarinn leggur inn orðaförða svo sem alla þá liti sem eru í boði eða birtast, heiti á t.d. fingrum, lófa, handlegg og handarbaki listamannsins eða þá hluta andlits sem gjarnan fá á sig svolitla málningu. Er viðkomandi að mála hratt, hægt, fast eða laust? Eða t.d. að strúka, klessa, nudda, dúbba eða sletta? Birtast form í verkinu eða nefnir listamaðurinn hvað verið er að mála? Kannski kanínu, mömmu sína, sól eða traktor?

Og stundum þarf kennarinn auðvitað að vera þögull og leyfa nemandanum að njóta sín í Flæði!

Að fylgjast með sigrinum og gleðinni sem birtist í augum listafólks sem er ánægt með sköpun sína eru forréttindi sem fáum hlotnast. Heppinn leikskólakennari fær að njóta þessara forréttinda!

Efling m.a. málþroska, hreyfþroska, og vitsmunarþroska við vinnu að listaverki er þó ekki það sem stendur uppúr eftir allt saman. Gleðin, hlýjan og litlu fræin sem sáð hefur verið í vitund listamannsins, sú vissa sem litla manneskjan upplifir að hún sé flink og fær, geti notið sín við leik og störf, á hana sé hlustað og að hún megi og geti tjáð sig, að það sé í góðu lagi að mála svolítið útfyrir og að lífið sé skemmtilegt akkúrat núna... það er mikilvægt!

Nemendur á Lóudeild í leikskólanum Krakkaborg í Flóahreppi hafa undanfarið unnið að sameiginlegu listaverki.

Sum hafa notað pensil, önnur notað fingur, neglur og lófa, og enn önnur allt af þessu. Listamennirnir hafa líka þurft tíma og næði til að virða fyrir sér af-raksturinn, oft þurft að setjast á hækjur sér við trönur og mála alveg neðst á strigann en stundum þurft að koma alveg nálægt, tilla sér á tær og mála hátt hátt uppi, jafnvel lengst uppá trönur sjálfar. Allra yngstu nemendurnir hafa setið og málað við borð. Öll hafa fengið að mála sín eigin listaverk ásamt því að fá tækifæri til að mála á sameiginlega verkið oftar en einu sinni.

Umrætt listaverk verður til sýnis og sölu á Bókasafni Árborgar á Selfossi, Austurvegi 2 frá 27. mars og fram yfir bæjarhátíðina Vor í Árborg og til kl. 14:00 þann 29. apríl. Gestum og gangandi gefst kostur á að virða fyrir sér verkið og taka þátt í hljóðu uppboði. Skráningarblað er við verkið þar sem áhugasamir geta skráð netfang sitt og þá upphæð sem viðkomandi er tilbúinn að greiða fyrir verkið. Upphafsbóð var kr. 2023 en sú upphæð sem fæst með uppboðinu verður nýtt til kaupa á nýjum striga og leikfangadýrum fyrir Krakkaborg. Starfsfólk bókasafnsins mun hafa samband við hæstbjóðanda, gefa upp reikningsnúmer í eigu Flóahrepps, rekstraraðila Leikskólans, og að greiðslu lokinni afhenda verkið þann 2. maí.

Björg Kvaran
heppinn leikskólakennari í
Krakkaborg



ATVINNA Í BOÐI

Matreiðslumaður / Chef

Óskum eftir að ráða matreiðslumann til starfa


Hafid blaa is seeking to hire a chef for the restaurant Hafid Blaa.

Þjónar / aðstoð í sal / eldhús

Hafid Blaa leitar að líflegu og skemmtilegu fólki. Fólk á besta aldri hvatt til að sækja um.

Nánari upplýsingar í hafidblaa@hafidblaa.is / 483-3548
 For more information contact hafidblaa@hafidblaa.is / 483-3548

Hafid Blaa útsýnis- og veitingastaður við ósa Ölfusár - Þorlákssöfn



ÞRIÐJUDAGINN 28. MARS
KL. 16:30-18:00

Bjóðum 10. bekkinga og forráðamenn þeirra sérstaklega velkomna og fá svör við ýmsum spurningum sem upp koma þegar verið er að ígrunda framhaldsskólánám.

Kynnt verður fjölbreytt námsframboð skólans, bæði bóknám og iðn- og starfsnám.

KJÖRIÐ TÆKIFÆRI TIL ÞESS AÐ SKOÐA GLÆSILEG HÚSAKYNNI SKÓLANS



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Eitthvað sem ég út af fór, eru í Blesa þið og mörg Yfir brunar eimlest stór, eru tólf og veita björg.

Svar við gátu í blaði 2692: **ÆR**
 1. Kind/garðarolla - 2. (S)ær
 4. (S)nær

Ætlar þú að kjarna Hvolsvöll með okkur?

Lóðir lausar til úthlutunar



Nýr miðbær á Hvolsvelli er nú í mótun. Gatnagerð er hafin og fjöldi nýrra lóða verður brátt úthlutað sem einni heild. Á svæðinu verður blönduð byggð undir verslun, þjónustu og íbúðahúsnæði. Um er að ræða einstakt tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu á miðbæ Hvolsvallar og setja mark sitt á þetta einstaka svæði.

Segja má að Hvolsvöllur sé hjarta Suðurlands, mikil uppbygging er á svæðinu og hefur íbúum fjölgað mikið á síðustu árum. Ferðapjónustan er í miklum blóma enda skartar Rangárþing eystra mörgum af fallegustu og þekktustu náttúruperlum Íslands. **Umóknarfrestur er til 31. mars.** Sótt er um lóðirnar rafrænt á:

www.hvolsvollur.is



Veiðifélag Þjórsár Aðalfundur

Veiðifélag Þjórsár heldur aðalfund fyrir árið
2022 af Straktahótel á Hellu, mánudaginn
3. apríl nk. kl. 14

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál

Stjórnin



Fjöruborðið

Og hafið sagði ok.

Starfsfólk óskast í aukavinnu í sal

Fjöruborðið á Stokkseyri auglýsir eftir starfsfólk
í aukavinnu í sal, aðeins 18 ára og eldri
koma til greina. Vinsamlegast sendið póst á
info@fjorubordid.is fyrir frekari upplýsingar.

Part-time waiter/waitress

Fjöruborðið restaurant in Stokkseyri is looking
for part-time waiter/waitress 18 years or older,
please contact info@fjorubordid.is for further
information.



Sumarafleysingar í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli

Við hjá Sláturfélagi Suðurlands leitum nú að öflugum
og hressum sumarstarfsmönnum til afleysingastarfa
í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli. Á Hvolsvelli eru meðal
annars framleiddar hinar viðfrægu SS pylsur, okkar frábæra
lifrarpylsa ásamt öllu okkar ljúffenga grillkjöti svo fátt eitt
sé nefnt. Um er að ræða mikilvæg störf og því leitum við
að góðu fólki til að hjálpa okkur við að halda matardiskum
landsmanna fullum í sumar af okkar góðu sunnlensku SS
kjötvörum. Ef þig langar að vinna á heimili SS pylsunnar
og ert 16 ára á árinu eða eldri, mun samhentur hópur
starfsmanna taka vel á móti þér. Í flestum tilvikum er um
vaktavinnu að ræða.

Sækja skal um starf á heimasíðu félagsins, ss.is
og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um SS.
Nánari upplýsingar veitir verksmiðjustjóri í
síma 488-8200.

Íslenskunámskeið fyrir foreldra barna með fjölmennningarlegan bakgrunn á grunnskólaaldri

Dagana 19. október 2022 til
22. febrúar 2023 var haldið
hagnýtt íslenskunámskeið fyrir
foreldra barna með fjölmenn-
ingarlegan bakgrunn á grunns-
kólaaldri. Um var að ræða
þróunarverkefni hjá Fjölskyldu-
sviði Árborgar styrkt af Sprotas-
jóði. Svipað námskeið var
haldið árið 2021 og gekk mjög
vel. Það var okkur hvatning til
að þróa námskeiðið og halda
það árlega.

Markmið verkefnisins var
að bjóða foreldrum grunnskóla-
nema með fjölmennningarlegan
bakgrunn í Sveitarfélaginu Árborg
á ókeypis íslenskunámskeið þar sem þeir myndu kyn-
nast helstu hugtökum og efla orða-
forða sem tengist skólastarfi, en
rannsóknir sýna að tungumála-
örðugleikar geta hindrað þátt-
töku foreldra í skólastarfi. Til-
gangur verkefnisins var að efla
vald og notkun á íslensku máli
foreldra fjöltyngdra barna og
styðja þannig við íslenskunám
þeirra. Aðalnámskrá grunnskóla
(2013) gerir ráð fyrir að forel-
drar séu virkir þátttakendur í
skólasamfélaginu í samvinnu
við skólastjórnendur, kennara
og aðra starfsmenn skóla.

Kennt var eitt kvöld í viku
í fimmtán vikur, samtals 30
kennslustundir. Námskeiðið fór
fram í Vallaskóla á Selfossi.
Kennari námskeiðsins var Anna
Linda Sigurðardóttir. Hún hefur
margra ára reynslu af kennslu ís-
lensku sem annars máls og starf-
ar sem deildarstjóri fjölmenn-

ingardeildar í Vallaskóla. Að
kennslunni komu einnig Aneta
Figlarska, kennsluráðgjafi í fjöl-
menningu og Anna Katarzyna
Wozniczka, verkefnastjóri í
málefnum flóttamanna.

Boðið var upp á fjölþætta
fræðslu, en notast var við Men-
tor kerfið, aðalvefsíðu Árborgar
og Fjölmenningsarsíðu Árborgar.
Viðfangsefni námskeiðsins var
m.a. skólakerfi á Íslandi, skrá-
ning nemenda í frístundir, virkt
fjöltyngi, skólaorðaförði, Men-
tor kerfið, starfsemi Fjölskyldu-
sviðs o.fl. Fulltrúi frá FSu stóð
að kynningu á framhaldsskóla-
námi fyrir nemendur með fjöl-
mennningarlegan bakgrunn.

Boðið var uppá málörvun
fyrir börn þátttakenda á meðan
á námskeiðinu stóð, í formi
leikja og samræðna, í samstarfi
við alla grunnskóla Árborgar.
Kennarar úr öllum skólum í Árborg
tóku þátt í námskeiðinu og
skiptust á að koma að kennslu
barnanna.

Safnað var upplýsingum um
íslenskukunnáttu foreldra og

viðhorf þeirra til námskeiðsins
í upphafi og lok námskeiðsins,
en stefnt er að kynna verkefnið
á Menntakviku 2023 sem og á
fræðslufundum víðar í skóla-
samfélaginu.

Reynslan sem við tókum
með okkur eftir námskeiðið er
að nemendahópurinn er fjöl-
breyttur hvað varðar bakgrunn
og móðurmál. Þarfir nemenda
eru ólíkar og margt í sambandi
við t.d. skráningar í frístundir
sem þeir þekktu ekki fyrir. Þá
þurfa þeir aðstoð við ýmislegt
fleira sem tengist ekki skólamálu-
m beint. Nemendur fengu gott
rými til tjáninga og spurninga og
virtust öruggir. Þeir voru mjög
áhugasamir um áframhaldandi
nám.

Í lok námskeiðsins fundu
kennarar mun á íslenskukunn-
áttu þeirra barna sem tóku þátt
með foreldrum í námskeiðinu.
Það gefur okkur vísbendingu
um að námskeiðið hafi ekki að-
eins gagnast foreldrum heldur
einnig stuðlað að framförum
hvað orðaförða barnanna varðar.



Boðsferð um söguslóðir Ásgríms Jónssonar

Ásgrímsleiðin er ökuferð um
Flóann á söguslóðir Ásgríms
Jónssonar listmalara með
viðkomu á sýningum Lista-
safns Árnesinga og Byggðasafns
Árnesinga. Söfnin bjóða
þér/ykkur að þiggja sæti í fyrstu
ferð Ásgrímsleiðarinnar. Boðs-
ferð verður farin frá Húsinu á
Eyrarbakka kl. 12 þann 1. apríl
og leiðsögumaður verður Hannes
Stefánsson.

Ásgrímur var fæddur 4.
mars 1876 í Suðurkoti í Rúts-
staðahverfi í Flóa. Hann gerði
málaralistina að ævistarfi og
varð brautryðjandi í listasögu
þjóðarinnar. Umhverfi bærsku-
heimilisins hafði sterk áhrif á
hann og listsköpun hans og ferð-
in mun feta þá slóð. Farið verður
um Stokkseyri að Gaulverja-
bæjarkirkjugarði þar sem Ás-
grímur hvílir. Við heimsækjum
svo minnismerki um listamann-
inn sem stendur innan skóg-
ræktarinnar Timburhóls stutt frá
æskustöðvum hans. Þótt húsin
í Rútsstaðahverfi séu löngu
horfin má enn sjá frá veginum
Álfakirkju Ásgríms. Á þessari
leið sést vel fjallahringurinn sem
fóstraði sveininn og veitti honum
innblástur.

Hornsteinn afmælissýning
Listasafns Árnesinga í Hvera-

gerði verður heimsótt en þar eru
fjölmörg verk Ásgríms sýnd. Þar
mun safnafræðingurinn Rakel
Pétursdóttir bjóða upp á leið-
sögnina Landið með fránum aug-
um Ásgríms. Síðan liggur leiðin
aftur á Eyrarbakka þar sem opnuð
verður sýningin Drengurinn,
fjöllin og Húsið. Þar er varpað
ljósi á æsku hans og unglingsár.
Upp úr fermingu réðist Ásgrímur
til vistar í Húsinu á Eyrarbakka
og var þar ekki í kot vísað.

Ásgrímsleiðin er samstarfs-
verkefni Byggðasafns Árnes-
inga, Listasafns Árnesinga og
Listasafns Íslands.

Rætur Listasafns Árnesinga
má rekja til gjafar Bjarnveigar
Bjarnadóttur, frænku Ásgríms,
og tveggja sona hennar sem
færðu Árnesingum sjöttu lista-
verk eftir helstu listamenn þess
tíma. Nitján þessara verka voru

eftir Ásgrím. Listamaðurinn
sjálfur ánaðnaði Listasafni Ís-
lands verk sín og heimili á Berg-
staðastræti 74 og þar er í dag
sýning á heimili hans og verkum.
Upplagt er að heimsækja Hús
Ásgríms áður en Ásgrímsleiðin
er farinn eða í kjölfar þess.

Með Ásgrímsleiðinni vilja
söfnin vekja athygli á ævi og
störfum Ásgríms Jónssonar
en einnig fagna afmæli safn-
anna. Byggðasafnið á 70 ára af-
mæli á árinu og Listasafn Árnes-
inga fagnar 60 ára afmæli. Ás-
grímsleiðin er afmælispriðileikur
okkar Árnesinga.

Ásgrímsleiðin er styrkt af
Safnaráði og Uppbyggingarsjóði
Suðurlands.

Þátttöku í boðsferðina skal
tilkynna í síðasta lagi 26. mars
með svari á netfangið asgrims-
leid@gmail.com.





Fjölbreytt sumarstörf í boði

Eimskip á Suðurlandi leitar að jákvæðu og drífandi fólki til starfa á starfsstöð félagsins á Selfossi í sumar. Fjölbreytt störf og tækifæri í boði.

Hjá Eimskip á Selfossi starfar öflugur hópur fólks í fjölbreyttum störfum sem snúa að þjónustu og sölu til viðskiptavina á svæðinu.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Akstur flutningabíla, lestun og losun
- Vöruhúsaþjónusta og afgreiðsla
- Samskipti við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meirapróf (C) er æskilegt
- Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Við hvetjum öll kyn til að sækja um. Eimskip leggur áherslu á jafnrétti, heilsu og vellíðan starfsfólks þar sem markvisst er unnið að jafnri stöðu óháð kyni og leitast eftir því að hafa vinnuumhverfið sem öruggast og heilsusamlegast.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Friðrik Sigurbjörnsson, svæðisstjóri Eimskips á Suðurlandi, í gegnum netfangið **frs@eimskip.com** en eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu Eimskips.

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2023.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

Allar umsóknir eru geymdar í 6 mánuði, eftir þann tíma er þeim eytt. Ef ekki hefur komið til ráðningar innan þess tíma og enn er óskað eftir starfi, þarf að sækja um á ný. Ef umsækjandi kys að umsókn verði eytt innan þess tíma þá vinsamlega sendið tölvupóst á netfangið **starf@eimskip.is**.



Vinnuskóli Bláskógabyggðar 2023 Flokkstjóri óskast

Bláskógabyggð óskar eftir að ráða flokkstjóra yfir vinnuskóla sveitarfélagsins og umhirðu opinna svæða og tilfallandi umhverfisverkefna sumarið 2023. Aldurstakmark er 20 ár, kröfur eru gerðar um almenn ökuréttindi og hreint sakavottorð. Starfstími er frá miðjum maí til loka júlí. Möguleiki er á starfi til 20 ágúst. Starfssvæðið er á Laugarvatni, Laugarási og í Reykholti. Umsóknarfrestur er til 10 apríl nk. Umsóknir berist á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is.

Upplýsingar gefur Kristófer í síma 860-4440 og 480- 3000.

Gerum gott betra

er dagsnámskeið fyrir pör sem vilja gera gott samband ennþá betra. Námskeiðið verður haldið laugardaginn 1. apríl 2023 í Tryggvaskála og hefst kl. 10.00.

Kennari er Theodór Francis Birgisson sem sem er klínískur félagsráðgjafi.

Verð er 39.000 fyrir parið og innifalið eru léttar veitingar.

Skráning fer fram á Lausnin.is eða á netfangið theodor@lausnin.is



LAUSNIN

fjölskyldu- og áfallamiðstöð



ADALSKOÐUN

Er kominn tími á skoðun?



Eyrangevegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Íþróttir

HSK/UMFS bikarmeistarar 15 ára og yngri

Bikarkeppni FRÍ var haldin í Kaplakrika sl laugardag og þangað fórum við með 1 piltalið og 2 stúlkalið.

A-Lið HSK/Selfoss átti góðan dag og stóð uppi sem bikarmeistari félagsliða með 101 stig eftir skemmtilega og spennandi keppni 3 stigum á undan næsta liði. Í piltaflokki stóðum við einnig uppi sem sigurvegarar með 12 stigum meira en næsta félag og stúlkurnar enduðu í þriðja sæti 15 stigum á eftir efsta sætinu, þær hefðu í raun átt að vera í öðru sæti en voru óheppnar og gerðu ógilt í boðhlaupinu og þar töpuðust 9 stig og fer í reynslubankann.

Einstaklingar í báðum liðum stóðu sig mjög vel og var mikið af persónulegum bætingum hjá krökkunum. Hér eru helstu afrek okkar fólks en öll úrslit má sjá á thor.fri.is

Hjá strákunum kom Ívar Ylur Birkisson fyrstur í mark í 60m grindahlaupi á 8,56 sek og setti um leið mótismet og HSK met og var aðeins 1/100 frá íslandsmeti í greininni, hann kom einnig fyrstur í mark í 300m hlaupi á 40,26 sek sem er PB.

Hjálmar Vilhelm Rúnarsson kastaði lengst allra í kúluvarpi með 14,86m og setti með því mótismet í greininni, hann sigraði einnig hástökk með 1,75m. Vésteinn Loftsson bætti sig í báðum sínum greinum, hann varð annar í langstökki með 5,54m og þriðji í 60m á 7,96 sek. Eðvarð Eggert Heiðarsson er aðeins 12 ára og hljóp frábærlega í 1500m, varð þriðji á 5:13,81 mín og er það HSK met í hans flokki. Þessir drengir komu svo fyrstir í mark í 4x200m.

Hjá stúlkunum kom Helga Fjöla Erlendsdóttir fyrst í mark í 60m grind á nýju HSK meti 9,39 sek sem er stórbæting hjá henni, hún varð einnig önnur í hástökki

með 1,55m sem er PB. Bryndís Embla Einarisdóttir bætti sig um 95 cm í kúluvarpi þegar hún kastaði lengst allra 11,42m. Hugufrún Birna Hjaltadóttir varð önnur í langstökki með 5,18m og í 300 m hlaupi á 43,90 sek. Bryndís Halla Ólafsdóttir hljóp glæsilegt 1500m hlaup, kom þriðja í mark á 5:25,74 mín og er það HSK met í 13 og 14 ára flokkum. Arndís Eva Vigfúsdóttir varð þriðja í hástökki með 1,50m og Adda Sóley Sæland kom fjórða í mark í 300m á 46,28 sek sem er HSK met í 13 ára flokki.

Glæsilegur árangur hjá öllum okkar krökkum og liðsheildin algjörlega frábær.



A og B lið ásamt þjálfurum.

101. héraðsþing HSK haldið á Helli

101. héraðsþing HSK haldið í íþróttahúsinu á Helli fimmtudaginn 23. mars 2023 og hefst stundvíslega kl. 17:00. Afhending þinggagna er frá 16:30.

Rétt til setu á þinginu eiga 121 fulltrúar frá 55 aðildarfélögum HSK og tveimur sérráðum sambandsins, auk gesta. Fulltrúar félaga og ráða þurfa að skila inn kjörbréfi með nöfnum þingfulltrúa strax í upphafi þings.

Þessa dagana er unnið að lokaundirbúningi þingsins og þá hefur kjörnefnd sambandsins lokið störfum, en nefndin hefur það verkefni að koma með til-

lögu að nefndar- og stjórnarskipan HSK 2023. Tillögu nefndarinnar má sjá á www.hsk.is.

Þinggögn, önnur en ársskýrsla HSK, verða ekki á borðum þingfulltrúa að þessu sinni. Þinggögnin verða öll aðgengileg á heimasíðu HSK. Þar er bláleitur hnappur sem vísar á héraðsþingsgögnin. Opna má slóðina með QR kóða sem verður á bls. 3 í ársskýrslunni.

Auk hefðbundna þingstarfa verður val á íþróttakarli og íþróttakonu HSK kunngjört á þing



Bætti HSK-met í sjö aldursflokkum

Anna Metta Óskarsdóttir bætti um helgina níu ára gamalt HSK-met í 100 m hlaupi kvenna innanhús í sjö aldursflokkum. Hún hljóp á tímanum 14,57 sek. en metin setti hún á Akureyrarmóti UFA og Kjarnfæði Norðlenska sem fram fór í Boganum á Akureyri laugardaginn 11. mars síðastliðinn. Um er að ræða met í sjö aldursflokkum, frá 13 ára og upp í kvennaflokk. Anna Metta var önnur í hlaupinu en alls fékk hún sex verðlaun á mótinu, fjögur gull og tvö silfur.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur



Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana :

- 1. Kötluholt L224404; Breyttir skilmálar; Deiliskipulagsbreyting - 2302044**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2023 að auglýsa tillögu sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags frístundasvæðisins Kötluholts L224404 úr landi Tjarnar. Í breytingunni felst breyting á skilmálum innan greinargerðar deiliskipulagsins sem tekur til göngustíga, vatnsveitu og hitaveitu, sorphirðu og almennra byggingaskilmála.
- 2. Borg í Grímsnesi; Vesturbýggð; Ný byggð á reit ÍB2, I14 og I15; Deiliskipulag - 2210061**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fyrsta áfanga nýs íbúðarsvæðis að Borg í Grímsnesi. Skipulagssvæðið afmarkast af fyrirhuguðu miðsvæði í suðri og Skólabraut í austri. Mörk svæðisins til norðurs og vesturs liggja að ræktuðu landi innan marka landeigna í eigu sveitarfélagsins. Svæðið er innan íbúðarbyggðar (ÍB2) og iðnaðarsvæða fyrir skólphreinsistöðvar (I14 og I15) í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.
- 3. Efri-Reykir L167080; Frístundabyggð; Deiliskipulag - 2209096**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðar í landi Efri-Reykja L167080. Um er að ræða skipulagningu 26 frístundalóða á um 23 ha svæðið innan skipulagsreits F73 innan aðalskipulags Bláskógabyggðar. Stærðir lóða innan svæðisins eru á bilinu 6-8.000 fm og gert er ráð fyrir að nýtingarhlutfall lóða fari ekki umfram 0,03. Heimilt er að byggja sumarhús, gestahús allt að 40 fm og geymslu allt að 15 fm innan nýtingarhlutfalls.
- 4. Gásagustur í Holtamannaafreitti; Fjallasel; Deiliskipulag - 2203063**

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Gásagustar á Holtamannaafreitt. Í deiliskipulaginu er afmörkuð ein lóð fyrir mannvirki. Heimilt er að byggja 3 hús og getur heildar byggingarmagn verið allt að 300 m². Gert er ráð fyrir gistingu í 2-3 skálum og að heimilt sé að vera með aðstöðu fyrir landvörð, upplýsingar og fræðslu um Friðland Þjórsárvera. Gisting getur verið fyrir 30 gesti. Heimilt er að nýta mannvirki allt árið. Núverandi mannvirki verða fjarlægð. Skipulags-svæðið er um 3,7 ha.

- 5. Efsti-Dalur 3 L199008; Breyttir skilmálar; Deiliskipulagsbreyting - 2301086**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2023 að auglýsa tillögu sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags frístundasvæðis innan Efsti-Dals 3. Í breytingunni felst breyting á skilmálum þar sem gert er ráð fyrir að innan lóða verði heimilt að byggja eitt frístundahús, eitt aukahús og eitt garðhús innan nýtingarhlutfalls 0,03. Hámarksstærð aukahúss er 40 fm og garðhúss 15 fm. Eingöngu verði heimild fyrir tvö íveruhús á lóð.

Samkvæmt 32. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga.
- 6. Austurey 1 (L167622) og 3 (L167623), breytt landnotkun, breytt vegstæði, aðalskipulagsbreyting - 2107015**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. janúar 2023 tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar í landi Austureyjar 1 og 3 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst að frístundalóðinni Eyrargötu 9 er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Hús er til staðar á lóðinni og hefur það verið leigt út fyrir gistingu. Einnig verður gerð breyting á aðkomuleið, Vagnbraut, auk annarra minniháttar breytinga á götum.
- 7. Laugarás; Þéttbýli og frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2110095**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. febrúar 2023 tillögu er varðar breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingin tekur til þéttbýlisins í Laugarási og frístundabyggðar sem liggur að þéttbýlinu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Mál 1-5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 23. mars 2023 með athugasemdafrist til og með 5. maí 2023.

Mál 6-7 eru tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vígfus Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU

SAMFÉLAGSVERKEFNI

Margar hendur vinna létt verk

Landsvirkjun vill vera góður granni og hefur því um margra ára skeið starfrækt öfluga sumarvinnuflokka ungs fólks.

Sumarið 2023 munu starfshópar frá okkur sinna fjölbreyttum verkefnum í nágrenni við aflstöðvar okkar.

Nágrannar aflstöðva Landsvirkjunar geta sótt um vinnuframlag og verkstjórn hjá *Margar hendur vinna létt verk* - meðal annars vegna verkefna sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og umhverfisbótum ásamt öðrum samfélagsverkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl.
Hægt er að sækja um á landsvirkjun.is/margarhendur

Hafðu samband ef þú ert nágrenni okkar og vilt fá vinnuhóp í heimsókn í sumar.



FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundur á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgunum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Skrifstofa Félags eldri-
borgara á Selfossi verður
opin fimmtudaginn
23. mars kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fimmtudaginn 23. mars
kl. 14:45. Páll M. Skúlason fer
á hundavaði í ýmsum sögu-
sögnum og myndbirtingum.
Kaffi og meðlæti.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.



Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn
25. mars, milli kl. 11:00
og 12:00 á Eyravegi
15, Selfossi. Hafðís
Hrönn Hafsteinsdóttir
3. þingmaður Fram-
sóknar í Suðurland-
dæmi mætir í spjall.
Allir velkomnir.

Saman mótum við skýra framtíðarsýn

Undanfarnar vikur og mán-
uði hefur KPMG unnið
í samstarfi við bæjarstjórn og
stjórnendur stofnana í Hvera-
gerði að úttekt á stjórnsýslu og
stefnumótun sveitarfélagsins.
Álika úttekt á rekstri bæjarins
fyrir fram fyrir um 10 árum.

Róm í sömu átt

Framsókn í Hveragerði hefur
lagt mikla áherslu á skýra fram-
tíðarsýn og mikilvægi þess
að horfa til lengri tíma þegar
kemur að rekstri sveitarfélags-
ins og stefnumörkun. Að setja
sér sameiginleg markmið og
móta leiðir að þeim hefur reynst
farsæl leið til að ná árangri. Við
stefnumótun er staðan greind

eftir styrkleikum, veikleikum,
ögnunum og tækifærum. Mikill
samhljómur var á meðal þeirra
sem unnið hafa að drögunum
enda margt jákvætt unnist á
undanförnum árum.

Höldum áfram

Fyrstu drög að stefnumótun hafa
verið kynnt stjórnendum og nú
gefist bæjarbúum tækifæri til að
leggja sitt á vogarskálarnar með
því að taka þátt í íbúakönnun og
hafa þannig áhrif á hvert stefnan
verður tekin.

Höfum áhrif

Íbúakönnunin fer fram í gegnum
heimasiðu Hveragerðisbæjar
hveragerdi.is og stendur til 26.

Jóhanna Ýr
Jóhannsdóttir

Forseti bæjar-
stjórnar og oddviti
Framsóknar í
Hveragerði



mars næstkomandi. Bæjarbúar
eru hvattir til að taka þátt, for-
gangsraða verkefnum eftir mik-
ilvægi og setja þannig fram sínar
áherslur. Að íbúakönnun lokinni
verða niðurstöður tengdar við
stefnumótunina. Því næst lögð
fram aðgerðaráætlun að innleið-
ingu stefnunnar fyrir samfélagið
í Hveragerði. Vinnum saman að
betri bæ.

KIRKJUR

Selfosskirkja

Messa í Selfosskirkju sunnu-
daginn 26. mars kl. 20. Prestur
Axel Njarðvík. Miklós Dalmay
leikur á píanó og Bergþóra
Kristinsdóttir á fiðlu. Verið vel-
komin.

Verið öll velkomin til Þriðju-
dagssamveru í Selfosskirkju 28.
mars kl. 14. Samveran verður
heimilisleg að vanda með góðu
andrúmslofti og heitu kaffi.
Gestur samverunnar að þessu
sinni verður fréttamaðurinn og
Selfyssingurinn Sigurður Bogi
Sævarsson og mun hann spjalla
um daginn og veginn frá sínum
bæjardryrum séð.

Eyrarbakakirkja

Messa í Eyrarbakakirkju sunnu-
daginn 26. mars kl. 11. Prestur
Axel Njarðvík. Organisti Haukur
Arnarr Gíslason.

Gaulverjabæjarkirkja

Messa í Gaulverjabæjarkirkju
sunnudaginn 26. mars kl. 14.
Prestur Axel Njarðvík. Organisti
Haukur Arnarr Gíslason.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 25. mars.
Bíbliulexiur kl. 11 og guðs-
þjónusta kl. 12, Gavin Anthony
prédikar. Verið velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma,
sunnudagaskóli og kaffiveiting-
ar. English translation available.
Allir innilega velkomnir. www.
selfossgospel.is.

ÞJÓNUSTA

Smiður óskar
eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald
í heimahúsum og sumarhúsum á
höfuðborgarsvæðinu, Selfossi
eða Hveragerði. Dagvinna,
kvöldvinna og/eða helgarvinna.
Parket, flísar, samsetning á eld-
húsinnréttingum o.fl. Nánari
uppl. í síma 777 2265.

Bifreiðastjórar óskast

Óskum eftir bílstjórum út frá Selfossi í
ferðaþjónustu, skólaakstur o.fl.

Hæfniskröfur:

- Rútuþróf
- Stundvísir
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta skilyrði og enskukunnátta
æskileg.
- Getum útvegað herbergi til leigu.

Umsóknir sendist á gts@gts.is

GTS ehf er rótgróið ferðaþjónusta fyrirtæki
sem var stofnað árið 1969. Við erum að leita að
metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur
áhuga á að vinna með okkur.

GTS ehf

Árborgarprestakall

Helgihald í Árborgarprestakalli
sunnudaginn 26. mars.

Messað verður í Eyrarbakakirkju kl. 11, í Gaul-
verjabæjarkirkju kl. 14 og í Selfosskirkju kl. 20.

Sr. Axel Njarðvík þjónar fyrir altari í messunum.
Haukur Arnarr Gíslason leikur á orgelið í Eyrar-
bakakirkju og Gaulverjabæjarkirkju og kórar
kirknanna leiða safnaðarsönginn. Í Selfoss-
kirkju leiðir kór Selfosskirkju safnaðarsönginn
undir stjórn Edit Molnár. Miklós Dalmay leikur á
píanó og Bergþóra Kristinsdóttir á fiðlu.

Verið öll hjartanlega velkomin.



MENNTSKÆLINGAR VIKUNNAR

Í tilefni af 70 ára afmæli Menntaskólans að Laugarvatni, þann 12. apríl nk., ætlum við, í aðdraganda afmælisins, að birta vikuleg viðtöl við gamla nemendur Menntaskólans að Laugarvatni um þeirra upplifun af ML. Næstu tveir viðmælendurnir eru þau Kristín Heiða Kristinsdóttir blaðamaður og Einar Örn Sigurdórsson.

Hvaða ár varst þú í ML?

Kristín: 1980-1984

Einar: Ég er mjög gleyminn á ártöl, en ég þegar ég byrjaði þá var upphaldslagið mitt „Girls on Film“ með Duran Duran og þegar ég útskrifaðist þá var upphaldslagið „There must be an Angel“ með Eurythmics.

Hvað tók við eftir ML?

Kristín: Ég flutti strax eftir útskrift til Reykjavíkur og settist á skólabeck í Háskóla Íslands. Nam þar íslensku og bókmenntir og lauk þaðan BA gráðu. Kom víða við í störfum, en hef verið fastráðinn blaðamaður á Morgunblaðinu undanfarin 23 ár. Frá fyrstu árum í Sódómu Reykjavík er minnisstæðast sambýli okkar vinkvenna á Ránargötu,

sem allar höfðum verið saman í ML, og meðal þeirra voru sveitungar mínir og æskuvinkonur Tungnastelpurnar Áslaug Dóra og Ingunn Sighvats. Hart var djammað, eins og tilheyrir strax eftir menntó, og ófáir trúir ég að eigi minningar frá samkvæmum á Ránargötunni, m.a. skólafélagar frá Laugarvatnsárum. Við Áslaug og Ingunn fórum saman í eftirminnilega heimsreisni á háskólaárunum, m.a. hristumst við með stórum trucki um eyðimerkur Egyptalands.

Ég eignaðist frumburðinn, Melkorku, skömmu fyrir 25 ára afmæli mitt og seinna barn mitt, Kristinn, níu árum síðar. Barnabörnin eru orðin tvö.

Einar: Eftir smá umhugsunartíma hóf ég í nám í stjórnmálafræði, bjó á Snorrabrautinni með vini og bekkjarfélaga úr ML. Eignaðist góða vini í stjórnmálafræðinni líka og kom að stofnun auglýsingastofu með þeim. Í dag heitir hún Ennemm. Ég komst hinsvegar fljótlega að því að ég kynni ekki nóg og þyrfti að vita meira og að sú kunnátta væri ekki fyrir hendi á Íslandi. Þar eftir tóku við 14 ár á austurströnd Bandaríkjanna við frekara nám og störf.

Í dag starfa starfa sem skáld, ljósmyndari, fjárfestir, stjórnaformaður og viðskiptaráðgjafi

á Íslandi, í Japan og á austurströnd Bandaríkjanna.

Hvaða sérstöðu telur þú að ML hafi samanborið við aðra menntaskóla á Íslandi?

Kristín: Í mínum huga fyrst og fremst að vera lítill menntaskóli í sveit með heimavist. Með öðrum orðum, nánd.

Einar: Hann er menntaskóli í sveitasælu, undir heiðum himni, umlukinn íslenskri náttúru, lykt af birki og heitu vatni. Ég hef reyndar áhyggjur af því að þriggja ára menntaskólanám nú til dags sé of stutt til að nemar fái að upplifa almennileg menntaskólaár í íslenskri náttúru.

Afhverju varð ML fyrir valinu?

Kristín: Af því skólinn er staðsettur nálægt æskuheimili mínu, Austurhlíð í Biskupstungum, en fyrst og fremst af því við fórum saman í skólann nokkrar Tungnastelpur og bekkjarsystur, í því var mikill stuðningur. Við vorum heill flokkur og fengum viðurnefnið Tungnafrekjurnar, sem segir allt um karlrembustemninguna, reynt var að halda okkur ungu ákveðnu konunum niðri með þessari nafngift, en það bar ekki árangur.

Einar: Held að mamma mín hafi talið það besta leikinn í stöðunni. Hún hefur venjulega rétt fyrir sér.

Áttu þér upphalds minningu úr skólanum?

Kristín: Drottinn minn dýri, þær eru svo margar! Söngur í stiganum við gítarspil, Vestmannaeyjaferð með leikfélaginu, ostaveislur, skólaböllinn, allskonar uppátæki og samvera á vistum, að stelast í gufubaðið að næturlagi, og jú tíminn um vorið sem við verðandi stúdentar vorum ein eftir á heimavistinni fram að útskrift, það var frábær tími og við fórum stundum á rúntinn, heimsóttum m.a. Grím á Ketilvöllum, keyptum af honum mjólk. Umhyggja Kristins skólameistara og Rannveigar konu hans fyrir okkur nemendum, er einkar minnisstæð.

Einar: Það er bara engin leið að niðursjóða skólaárin niður í eina upphalds minningu. Var það að vera alltið umkringdur og kitlaður af tuttugu stelpum og táskoðaður? Var það fyrsta ástin? Að spila á trommur í skólahljómsveit? Að panta Bubba, Egó og Baraflokkinn fyrir skólaböll? Að stofna öloglega útvarpsstöð? Að steikja beikon á Kösinni eða brugga bjór undir dýnunni? Að taka trylltan dans og luftgítar með vini við AC/DC í botni inni á herbergi tíu mínútum eftir að fyrsti tími eftir hádegi byrjaði og taka alls ekki eftir því að skólameistari horfir grafkyrr á, stóreygður og opinmyntur? Ég læt það eftir blaðamanni að velja.



Kristín Heiða Kristinsdóttir



Einar Örn Sigurdórsson.

Hvernig upplifun var að fara að heiman og flytja inn á heima-vist?

Kristín: Fyrir mig var þetta ekki langur vegur að heiman í kílómetrum en stórt skref fyrir sveitastelpu. Ég hlakkaði rosalega til og varð ekki fyrir vonbrigðum, þetta voru frábær fjögur ár. Ég fór oftast heim aðra hverja helgi, þegar ekki var ball.

Einar: Ég hafði ekkert sérstakar væntingar. Líklega kvíðinn. Á degi tvö týndi ég veskinu mínu nálægt kvöldi, einhversstaðar á milli skóla og bóksölu (sem var þá í húsi í Laugarvatnsþorpinu). Á þessum tíma voru engin greiðslukort og veskið fullt af seðlum eftir vinnu sumarsins. Ég var ásamt nokkrum öðrum fyrstubekkingum á Skólavist; í sjálfu skólahúsinu. Vissi ekki hvað í ósköpunum ég ætti að gera. Leiður. Taldi vist að veskið væri týnt og ég fátækur til jóla. Ég áréddi að minnast á þetta við herbergisfélagann minn sem var reyndar gamall vinur síðan úr barnaskóla. Hann sagði öllum á Skólavistinni frá og allt í einu skipulögðu tíu eða fimmtán ókunnugir strákar leit að veskinu, þræddu þessa kílómeters leið frá skóla og að þorpi. Fundu veskið við körfuboltavöllinn. Óhreyft. Það var ekki fyrr en ég lagðist á koddann minn þetta kvöld að ég áttáði mig á því að þyrfti ekki að vera kvíðinn. Þetta yrði allt í lagi. Einhverjir ókunnugir strákar svona óvænt næs. Það lentu örugglega eitt eða tvö gleðitár á koddanum það kvöld.

Ertu ennþá í sambandi við skólafélagana?

Kristín: Já, ég erum ákveðinn hópur sem hittumst reglulega, vinir fyrir lífstíð.

Einar: Já, en ekki nærri alla. Næstum daglega við suma.

Hvers saknarðu mest við að vera í ML?

Kristín: Þetta var tímabil í lífinu, æskuárin frá 16 til 20 ára, og þau tilheyra ekki öðrum tímabilum í lífinu. Þess vegna sakna ég einskis, en vissulega hugsa ég ævinlega hlýtt til þess-

ara ára frelsis, uppátækja og áhyggjuleysis.

Einar: Ég sakna reyndar einskis við ML. Tíminn þar er alltaf ljóslífandi í minningunni þegar ég þarf að fletta upp á hlýjum minningum. Fékk samt á tímabili ástæðulausar martraðir um að ég hefði verið sendur þangað aftur til að klára upptökuþróf fyrir Stúdentsþróf.

Hvernig telur þú að menntaskólagangan hafi mótað þig sem einstakling?

Kristín: Á heimavistinni lærði ég að vera sjálfstæð, taka ábyrgð og taka tillit til annarra. Í ML fylltist ég metnaði fyrir því að standa mig vel í skólanum, því þar voru frábærir hvetjandi kennarar. Stemningin meðal nemenda var líka að standa sig vel í námi. Í ML stækkaði reynsluheimurinn og þar eignaðist ég vini fyrir lífstíð sem hafa haft áhrif á mig sem mann-skju.

Einar: Ég öðlaðist sjálfstæði, vandist því að lifa í nánú sambýli við annað fólk af ýmsum gerðum. Öðlaðist hugrekki. Þroskaði skopskyn og listrænt innsæi. Lærði af mistökum. Lærði að elska, taka góðar ljósmyndir og að elska beikon.

Myndir þú mæla með því við sunnlensk ungmenni að fara í ML?

Kristín: Já, alveg hiklaust, allir hafa gott af því að læra að búa með öðrum áður en haldið er út í fullorðinslífið. Þar fyrir utan er rosalega gaman að búa á heima-vist í sveit á þessum árum fram að tvítugu, ævintýri líkast. Námið er væntanlega enn jafn metnaðarfullt og það var þegar ég var í ML, og því góður grunnur fyrir áframhaldandi nám.

Einar: Nei. Ég get ekki mælt með nokkrum menntaskóla við eitt eða neitt ungmenni. Mæli hinsvegar með því við alla að heimsækja Laugarvatn og skoða ML, því að fyrir einhverja gæti staðurinn og skólinn verið það langbesta í stöðunni, eitthvað sem skilur eftir sig reynslu og minningar sem endast alla ævi.



Busavígsla, en þá voru busar bornir út í Laugarvatn og ausnir vatni úr skólabjöllunni. Á myndinni er Kristín Heiða lengst til hægri í rauðum buxum, blárrí peysu og með hvítan klút. Á myndinni er einnig Áslaug Dóra frá Syðri-Reykjum og þær Dagný Jóns, Magga Jóh og Dýrleif. Mynd: Úr einkasafni



Einar Örn í mjög mikilvægu samtali. Mynd: Úr einkasafni

Anný og Gunnlaug stýra nýrri Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Ívetur hefur staðið yfir undirbúningur að breytingum á Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. Frá 1. mars síðastliðnum eru það sveitarfélögin Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur sem standa að þjónustunni. Íbúum í þessum fimm sveitarfélögum hefur fjölgað um 13% frá árinu 2013 þegar fyrri skóla- og velferðarþjónusta tók til starfa og er mikil uppbygging fyrir séð næstu árin með enn frekari fjölgun íbúa. Aðalstarfsstöð þjónustunnar er í Laugarási og þar munu starfa um 10-12 starfsmenn en einnig stendur starfsmönnum til boða að sinna starfi sínu að hluta í fjarvinnu eins og hentar hverju sinni.

Markmið byggðasamlagsins er að efla samstarf á milli sveitarfélaganna á svæðinu á sviði skóla- og velferðarþjónustu, nýta tækifæri til að samþætta sérfræðiþjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustuna með það að markmiði að minnka faglega einangrun starfsmanna. Með þessu verði skapað teymi starfsfólks sem samstíga vinnur að því að efla og bæta þjónustu við íbúa, nemendur og starfsfólk skóla- og velferðarþjónustu í anda laga um samþættingu í þágu farsældar barna.

Þeir málaflokkar sem falla undir þjónustuna eru skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu sveitarfélaganna skv. gildandi lögum og reglugerðum um leik- og grunnskóla og um félagsþjónustu sveitarfélaga og vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna.



Frá vinstri: Gunnlaug Hartmannsdóttir deildarstjóri skólaþjónustu, Anný Ingimarsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustu, Hulda Kristjánsdóttir formaður stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Í upphafi ársins tók Anný Ingimarsdóttir við stöðu deildarstjóra velferðarþjónustu og hefur hún unnið þétt með verkefnastjórn að undirbúningi nýrrar þjónustu. Anný hefur mikla þekkingu og reynslu á sviði félagsþjónustu- og velferðarmála og býr yfir menntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða, félagsráðgjafar og barnaverndar. Það er því mikill fengur fyrir svæðið að fá að njóta starfskrafta hennar í þágu íbúa svæðisins. Nú í mars var svo gengið frá ráðningu Gunnlaugar Hartmannsdóttur sem deildarstjóra skólaþjónustu. Gunnlaug hefur viðtæka þekkingu á fræðslu- og skólamála og hefur komið að stjórnun, kennslu og ráð-

gjöf. Hún er með uppeldis- og kennslufræðimenntun ásamt menntun í náms- og starfsráðgjöf. Gunnlaug hefur starfað síðustu ár sem skólustjóri Flóaskóla. Saman mynda þær stjórnunarteymi Skóla- og velferðarþjónustunnar og munu koma að mótun starfseminnar ásamt starfsmönnum.

Það er von sveitarfélaganna sem standa að nýrri Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings að með þessum breytingum sé stuðlað að góðri og skilvirkri þjónustu í þágu íbúa svæðisins.

Fyrir hönd stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.
Hulda Kristjánsdóttir, formaður

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heildarlausnir í prentun

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

BRACAF VINÁTTU!
BYKO Selfossi
Fæst hjá

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Pípulagnir Júlla
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnarþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

Hannaðu það sjálfur!
honnun.prentmetoddi.is
Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort, dagatöl** og **myndabækur**.
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER
Eyravegur 25, Selfoss
Sími 482 1944 - selfoss@prentmetoddi.is

VÉLALEIGA
SUÐURLANDS
699-5403
velaleigasud@gmail.com
Við leigjum út vélar ásamt því tökum við að okkur alla jarðvinnu.
Við erum á Facebook: Véla-leiga Suðurlands